



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI  
TRAUST • VIRÐING

# Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

## Skútustaðahreppur

14. mars 2018 – Pistill nr. 29

Sælir og blessaðir kæru Mývetningar um land allt. Dásamlegt hefur verið að taka þátt í vetraríþróttum í Mývatnssveit að undanfögnu. Mývatn ísi lagt og gaman að fara á gönguskíði, snjósleða og verða vitni að skemmtilegum viðburðum hér um hávetur.



### Skemmtilegt hundasleðamót

Íslandsmeistaramót Sleðahundaklúbbs Íslands fór fram um helgina. Fólk og hundar nutu lífsins á ísilögðu Mývatni í blíðskapar veðri, ísinn afskaplega góður og gaman að taka þátt í þessu samfélagi manna og hunda.

Myndarleg frétt var um hundasleðakeppnina á RÚV sem hægt er að sjá hér:

<http://www.ruv.is/spila/klippa/fjolhaefir-og-fallegir-sledahundar-a-isilogdu-myvat>

### Ný lögreglusamþykkt komin í gagnið

Dómsmálaráðherra hefur samþykkt nýja lögreglusamþykkt fyrir Skútustaðahrepp. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hafði staðfest lögreglusamþykktina fyrir sitt leyti síðast liðinn vetur eftir að hún hafði verið til vinnslu og í opnu umsagnarferli. Hin nýja lögreglusamþykkt Skútustaðahrepps kemur í stað almennrar lögreglusamþykktar.

Lögreglusamþykktin er sett samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 36/1988, um lögreglusamþykktir, og öðlast þegar gildi.

Íbúar Skútustaðahrepps eru hvattir til að kynna sér ákvæði samþykktarinnar, en hana má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

### Íbúafundur um byggingu hagkvæmra íbúða

Fyrir sveitarstjórn lá fyrir bréf dags. 22. febrúar 2018 frá Búfesti hsf. um endurnýjun tillögu til sveitarfélaga á NA landi sem áhuga kynnu að hafa á samstarfi um byggingu hagkvæmra íbúða með stærra samfloti um útfærslu á hönnun og raðsmíði.

Sveitarstjórn fagnar áhuga Búfestis hsf. Samkvæmt deiliskipulagi Reykjahlíðar liggja fyrir lóðir tilbúnar til húsbýgginga og möguleiki á byggingu húsa á lögbýlum.

Sveitarstjóra og formanni atvinnuálagnefndar var falið að vinna málið áfram í samræmi við Húsnæðisáætlun Skútustaðahrepps 2018-2027 og boða til íbúafundar um þetta brýna málefni í

samstarfi við Búfesti. Fundurinn verður auglýstur fljótlega en þar verður jafnframt Húsnæðisáætlun sveitarfélagsins kynnt.



### Reykjahlíðarskóli í 3. sæti í Lífshlaupinu

Reykjahlíðarskóli stóð sig að vanda frábærlega í hinu árlega Lífshlaupi, landskeppni í hreyfingu. Reykjahlíðarskóli varð í 3. sæti í flokki skóla með færri en 90 nemendur. Baldur Sigurðsson knattspyrnukappi og fyrrverandi nemandi skólans tók við viðurkenningunni fyrir hönd skólans.

### Umsögn sveitarstjórnar um rannsóknaráætlun Ramý

Lögð var fram drög fyrir sveitarstjórn að rannsóknaráætlun Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn (Ramý) fyrir 2017-2020. Þar er gerð grein fyrir hlutverki Ramý, hverjir nýta niðurstöður, fræðslu og ráðgjöf frá henni, hvaða rannsóknarverkefni eru í vinnslu og hvaða rannsóknarefni ætlunin er að setja á dagskrá til ársins 2020. Óskað var eftir umsögn sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fagnar erindinu og lýsir yfir ánægju með þær umfangsmiklu rannsóknir sem Rannsóknarstöðin við Mývatn stendur að og eru mikilvægar vísindasamfélaginu langt út fyrir landsteinana.

Sveitarstjórn óskar þess að formfestar verði reglubundnar rannsóknir á jarðefnafræði Mývatns og vatnasviðs þess, ekki síst í ljósi fyrirhugaðra fráveituframkvæmda í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn fer þess á leit við umhverfisráðherra að fjármagn RAMÝ til rannsókna verði aukið varanlega, svo tryggja megi samfellu í rannsóknum en verði síður háðar afmörkuðum framlögum til stakra átaksverkefna eða styrkfé vísindasjóða. Sveitarstjórn leggur mikla áherslu á mikilvægi kynningar á starfsemi RAMÝ og útgáfu rannsóknarniðurstaðna, þar með talda ársskýrslu sem gefa skal út árlega. Slíkt væri liður í auknu upplýsingaflæði, sem myndi auka skilning og gera sýnilegri þann vilja sem sannarlega er til verndunar þeirra fyrriþæra sem um ræðir. Þá þarfnast heimasíða RAMÝ sárlega uppfærslu en hún er kjörinn vettvangur til að koma á framfæri upplýsingum. Í ljósi þess sem fram kemur í rannsóknaráætluninni að „Mývatnssvæðið er löngu orðið kennslubókadæmi og fræðsluvettvangur á sviði náttúrufræði og skyldra greina fer sveitarstjórn þess á leit við RAMÝ að starfsemi stofnunarinnar í Mývatnssveit verði sýnilegri, sem væri vel til fundið með stöðugildi í húsnæði þekkingarseturs hreppsins.

### Stuðningsyfirlýsing við að Vatnajökulsþjóðgarð á heimsminjaskrá

Sveitarstjórn samþykkti að skrifa undir stuðningsyfirlýsingu við að Vatnajökulsþjóðgarður og hluti gosbeltisins verði tilnefnd á heimsminjaskrá UNESCO.

Sveitarstjóra falið að skrifa undir yfirlýsingu fyrir hönd sveitarfélagsins. Í tilnefningunni er áhersla lögð á rekkbeltið, heita reitinn undir landinu og eldstöðvakerfi í gosbeltunum ásamt

samspili elds og íss sem einstakt er talið á heimsvísu. Á heimsminjaskrá UNESCO eru staðir sem teljast hafa gildi ekki einvörðungu fyrir viðkomandi land heldur fyrir allt mannkyn



### Aukin snjómokstursþjónusta

Í ársbyrjun festi sveitarfélagið kaup á liðlettingi sem er fjölnota tæki til ýmissa verkefna eins og snjómoksturs, sumarslátturs og ýmislegt fleira. Liðlettingurinn hefur komið sér afskaplega vel við snjómoksturinn á gangstéttum í Reykjahlíð og við stofnanir sveitarfélagsins eins og grunnskólann og leikskólann.

Á myndinni er Emil Birgisson starfsmaður áhaldahússins við snjómokstur með snjóblásarann á fullu. Hefur þessi aukna þjónusta sem aðallega nýtist gangandi vegafarendum mælst vel fyrir.

### Myndarlegt starf hjá Mývetningi

Ársreikningur og ársskýrsla Mývetnings - íþróttá- og ungmennafélags, fyrir árið 2017 voru lögð fram. Um áramótin voru skráðir 198 félagar í Mývetningi. Breytingar urðu á stjórninni en hana skipa: Sigurbjörg Reynir Björgvinsson formaður, Jóhanna Jóhannesdóttir gjaldkeri, Sigríður Jóhannesdóttir, Hinrik Geir Jónsson og

Kristinn Geir Haraldsson. Varamenn eru Guðmundur Þór Birgisson og Ragnar Baldvinsson. Fram kom í ársskýslunni að starf Mývetnings var kraftmikið og fjölbreytt á síðasta ári. Á þessu ári verður lögð aukin áhersla á sumarstarfið en félagið hefur ráðið starfsmann í fullt starf til að sjá um æfingar og námskeið fyrir börn og ungmenni.



### Líf og fjör í Reykjahlíðarskóla

Mikið hefur verið um að vera í Reykjahlíðarskóla að undanförunu. Skólaskákmót var haldið í síðustu viku en þetta er árlegur viðburður sem ávalt mælist vel fyrir. Keppt var í tveimur flokkum, yngri flokkur (1.-7. Bekkur) og eldri flokkur (8.-10. bekkur).

Yngri flokkur keppti eftir Monrad kerfi og tefldar voru 6 umferðir. Í eldri flokknum kepptu allir við alla. Mjög góð þátttaka var hjá nemendum.

#### Úrslit:

Yngri flokkur:

1. Guðjón Þorsteinsson
2. Halldór Björke Helgason
3. Julia Anna Novak

Eldri flokkur:

1. Dóróthea G. Bin Örnólfsdóttir
- 2.-3. Anna Mary Yngvadóttir og Ásgeir Örn Elísuson.





Stóra upplestrarkeppnin var haldin á Húsavík 9. mars s.l. Þrír nemendur úr 7. bekk Reykjahlíðarskóla tóku þátt og stóðu sig mjög vel þó þeir ynnu ekki til verðlauna en það voru þau Bárður Jón Gunnarsson, Katla Böðvarsdóttir og Margrét Ósk Friðriksdóttir.



Í gær var „*Fuck me fuck you*“ fræðsla fyrir 8.-10. bekk. Þingeyjarskóli kom í heimsókn til okkar og var með í fræðslunni og áttu nemendur svo góðan dag með unglíngunum okkar í íþróttahúsinu og Jarðböðunum og enduðu svo á pizzuveislu í skólanum.

### HRÓS DAGSINS...

Fær Kolbrún Ívarsdóttir sem á ársþingi HSP á dögunum fékk silfurmerki ÍSÍ fyrir ómetanlegt sjálfboðastarf fyrir Mývetning mörg undanfarin ár. Listinn er langur en helst ber að



nefna stjórnarsetu í Mývetningi, HSP, allt skíðastarfið og vinnan við öll Mývatnsmaraðonin.

### Framundan:

- Aðalfundur Akstursíþróttafélags Mývatnssveitar verður í kvöld 14. mars klukkan 20:00 í björgunarsveitarhúsinu á annarri hæð.
- Foreldrafélag leikskólans Yls og Reykjahlíðarskóla standa fyrir námskeiði í Jákvæðum aga næsta laugardag og þriðjudag. Allir velkomnir að skrá sig. Umsóknarfrestur er til 15.mars.
- Hið árlega hestamannamót, Mývatn Open, verður haldið laugardaginn 17. mars á Stakhólstjörn. Á föstudeginum býður hestamannafélagið Þjálfí í reiðtúr á ísilögðu Mývatni þar sem boðið verður upp á samlokur og heitt kakó úti í eyju - allir hjartanlega velkomnir (ekkert þátttökugjald).

### Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförmu og má þar nefna m.a. með fulltrúaráði héraðsnefndar Þingeyinga, Tengi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna innleiðingar á nýjum persónuverndarlögum, skólanefnd, brunavarnanefnd, Vatnajökulsþjóðgarði, umhverfisráðuneyti svo eitthvað sé nefnt.

Sem fyrr er hér er stiklað á stóru. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda.

Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður miðvikudaginn 28. mars n.k.

*Bestu kveðjur*

**Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri**